



Alþingi  
Erindi nr. P 122/2109  
komudagur 29.4.1998



Síðumúla 29 - 108 Reykjavík - Sími 588 9567 - Fax 588 9537 - Kennitala 640169-5249

Til Alþingis

Reykjavík 28. apríl 1998

**Símbréf**  
(samt. 3 bls.)

Málcnfi: Ályktanir aðalfundar Húseigendafélagsins 1998.

Á aðalfundi Húseigendafélagsins, sem haldinn var fyrr í dag, voru eftirfarandi ályktanir samþykktar:

**A. Ályktun um frumvarp til laga um húsnæðismál.**

Aðalfundur Húseigendafélagsins 1998 telur framlagt stjórnarfrumvarp um húsnæðismál fela í sér verulegar umbætur og að kostir þess séu til muna meiri en annmarkarnir, sem flestir séu smávægilegir. Í heild telur fundurinn að frumvarpið sé mikið framsfaraspor og því beri að lögleiða það.

Fagnar fundurinn því að ráðgert sé að leggja Húsnæðisstofnun niður og telur að farið hafi fé betra. Þótt fundurinn telji að æskilegra hefði verið að stíga skrefið til fulls og fela bankakerfinu alfarið umsjón og afgreiðslu húsnæðislána og sækka með því um eina óþarfa ríkisstofnun, þá verði að trúa því og treysta að hinn nýji Íbúðalánasjóður reynist í öllu betrungur Húsnæðisstofnunar. Að öllu virtu telur fundurinn að þessi breyting sé stórt spor fram á við og trúir því að skrefið verði stigið til fulls áður en langt um líður.

Þá telur fundurinn að fyrirhugaðar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu séu mjög tímabærar og til verulegra heilla. Þær feli í sér einföldun og sveiganleika og séu líklegri til að duga en núverandi kerfi, sem sé meingallað og komið í mildar ógöngur.



Fundurinn telur að þær úrtölur og hræðsluáróður, sem uppi hafi verið hafðar gegn frumvarpinu séu á misskilningi byggðar og tilhæfulausar. Fær fundurinn ekki séð að dregið verði úr félagslegri aðstoð í húsnæðismálum, heldur sé um formbreytingu að ræða, þ.e. horfið sé frá niðurgreiðslu vaxta en vaxtabætur komi í staðinn.

Telur fundurinn að þeir stjórnálamenn og aðrir, sem berjast gegn lögfestingu frumvarpsins og vilja óbreytt ástand, séu með því að leggja hlessun sína annarsvegar yfir Húsnæðisstofnun og þar með þau vandræða- og hneykslismål, sem þar hafa komið upp að undanförunu og hins vegar yfir meingallað félagslegt kerfi, sem komið sé að fótum fram.

Í heild telur aðalfundurinn að téð frumvarp og fylgifrumvörp þess komi til með að styrkja sjálfseignarstefnuna í húsnæðismálum í sessi og að það sé mjög góðra gjalda vert. Telur fundurinn að breytingin á félagslega kerfinu sé líkleg til að styrkja eignastöðu landsmanna, efla fasteignamarkaðinn, einkum í fámennari og veikari byggðalögum og létta miklum og óþörfum vanda af sveitarfélögum.

Verði frumvarpið lögfest beinir aðalfundurinn þeim eindregnu tilmælum til félagsmálaráðherra, að mannaval verði vandað og skipað verði í stjórn Íbúðalánasjóðs á faglegum forsendum og sama gildi um ráðningu stjórnenda hinnar nýju stofnunar.

Að lokum hvetur aðalfundur Húseigendafélagsins 1998 hið háa Alþingi eindregið til að lögfesta húsnæðismálafrumvarpið fyrir þingfrestun í vor.

## B. Álvktun um skattamál.

Aðalfundur Húseigendafélagsins 1998 ályktar að félagið leggi í auknum mæli krafta sína í baráttuna fyrir úrhótum í skattamálum fasteignaeigenda með það að markmiði, að fasteignir verði vænlegur fjárfestingarkostur og að fasteignarekstri verði búinn viðunandi skilyrði skattalega og á annan hátt. Með því megi auka framboð á almennu leiguhúsnæði og forsendur geti skapast fyrir eiginlegum og stöðugum almennum leigumarkaði.

Telur fundurinn að skattaleg byrði húseigenda sé orðin óhófleg og sama gildi um aðrar opinberar álögur á fasteignir. Eigi það hæði við um íbúðar og atvinnuhúsnæði. Þurfi að spyrna við fótum og snúa þróunni við. Brýnt sé að endurskoða heildstætt lög, reglugerðir og gjaldskrár hér að lútandi og fækka þessum álögum og lækka þær



Felur aðalfundur Húseignafélagsins 1998 nýkjörinni stjórn félagsins að gera úttekt á þessu máli og setja fram tillögur til úrbóta og vinna ótullega að framgangi þeirra gagnvart stjórnvöldum og alþingi.

**C. Ályktun um hreinsun strandlengju Reykjavíkur og holræsagjöld.**

Aðalfundur Húseignafélagsins 1998 ályktar um stuðning við hreinsun strandlengju höfuðstaðarins, sem unnið hefur verið að frá árinu 1986 og varðar borgarbúa miklu sem og alla landsmenn.

Húseignafélagið vill jafnframt áréttta og vekja athygli borgaryfirvalda á því, að það sé mjög óréttlátt að standa straum af slíkum framkvæmdum með þeim eina hætti að leggja holræsagjöld á húseigendur.

Eðlilegra og sanngjarnara hefði verið að afla tekna fyrir þessum framkvæmdum samhliða álagningu útsvars á alla skattgreiðendur.

Með núverandi hætti bitni holræsagjöld og fasteignaskattar hart á húseigendum, sem í mörgum tilvikum hafa engar eða mjög litlar tekjur af eignum sínum. Allra hardest komi slíkar álögur niður á öldruðu fólki, sem einatt hefur lágar tekjur og eins á barnmörgum fjölskyldum, sem þurfa að búa í stóru húsnæði.

Þessum ályktunum er hér með komið á framfæri við yður.

Virðingarfyllst,

Sigurður Helgi Guðjónsson hfl. formaður.